

Alþingi
Erindi nr. P 136/1063
komudagur 5.3.2009

Þríhnúkar ehf / Árni B. Stefánsson
Kambsvog 10
104 Rvk

Rvk 03.03.2009

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
Kirkjustræti, 101 Rvk

Umsögn um:

Tillögu til þingsályktunar, þskj 68 – 68 mál. 136 löggjafarþing.

Hæstvirta Iðnaðarnefnd

Það er skoðun mín að tillaga til þingsályktunar 136 löggj. þing, þskj. 68 sé ótímabær. A.m.k. eins og hún nú liggur fyrir. Tillaga um stuðning og/eða fjárstuðning ríkisvaldins við hugsanlegt aðgengi gígsins, skipulag, sérstaka friðlýsingu og varðveislu svæðisins gæti vel átt við. Rétt þarf þá að fara með nöfn. Umrætt náttúruvafyrirbrigði fékk vinnuheitið **Þríhnúkagígur** að lokinni ítalegri könnun árið 1991. Var gígurinn kynntur undir því heiti í opnugrein í Morgunblaðinu það ár og hefur verið kynntur undir því heiti allar götur síðan í fjölda blaðagreina, fræði- og kynningargreina, fyrirlestrum og á annan hátt. Heitið Þríhnjúkahellir hefur vissulega verið notað með eða án jöðs, eins og gengur um hnúk / hnjúk í íslensku máli, en það heyrir meira til undantekninga en hitt.

Nafnið Þríhnúkagígur tekur til örnefnisins Þríhnúka og þeirrar staðreyndar að um gíg- eða gosrásir er að ræða. Félagið Þríhnúkar tekur mið af örnefnum. Fyrirh. göng eru 350 m. Hugmyndin um útsýnispall eða svalir í 56 m hæð hefur staðist gagnrýni. Upprunalegar myndanir eru þar í lofti og öryggi m.t.t. hruns er hvað mest nákvæmlega á þeim stað. Hugmyndin tók líka mið af því að upplifun í miðju gígsins er margfalt sterkari en á botni og kviknaði í raun út frá þeirri fhugun. Vísast til Mbl greinar 04.01.2004. Umferð á botni er hættuleg, mismikið eftir fjarlægð frá lóðpunkti. Er það vegna hruns / hrunhættu úr gígrásinn. Dvöl þar er ekki fýsileg nema þá etv. á örlietu svæði undir fyrirh. útsýnispalli. Aðgengi væri þá um hringstiga, eins og gert er ráð fyrir í upphaflegu tillögunum, sbr líkan ÁBS. Þríhnúkagígur einn og sér og innviðir hans, þó merkilegir séu, eru mun minna virði, verði ekki sérlega vel gætt að umhverfi yfirborðs.

Ítarleg skýrsla VSÓ fyrir Þríhnúka ehf verður kynnt innan tíðar. Við væntum þess að hún muni auðvelda mjög nauðsynlegar vangaveltur og sé forsenda rökræðu og ákvarðanatöku í framhaldinu.

Virðingarfyllst, f.h. Þríhnúka ehf

Árni B. Stefánsson

Meðf. f.skj. 2 bls.

Þríhnúkar ehf / Árni B. Stefánsson
Kambsvæg 10
104 Rvk

Rvk 05.03.2009

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
Kirkjustræti, 101 Rvk

**Fylgiskjal vegna umsagnar um þingsályktunartillögu varðandi Þríhúkagíg.
Um Þríhnúka ehf, hugmyndafræði, framhald, friðlýsing, eldfjallagarður?**

Áhugi nefndarinnar á aðgengi Þríhnúkagígs er okkur í Þríhnúkum ehf jafnt ánægjuefni sem hvatning. Um leið er hann staðfesting á mikilvægi félagsins og þess verkefnis sem við erum rétt í þann mund að skila af okkur. Mér óx það í vissulega fyrstu dálítið í augum en, félagið var stofnað að tillögu Gunnars Birgissonar Kóp. og Stefáns Eggertssonar VSÓ fyrir fimm árum, snemma árs 2004.

Félagið setti sér að markmiði að vinna að því að Þríhnúkagígur verði gerður aðgengilegur almenningi, tryggja að gígurinn og umhverfi hans verði varðveitt og að tryggja öryggi göngufólks.

Þríhnúkar ehf er ágóðalaust félag, rekið á styrkjum og eigendur þiggja ekki laun. Stofnendur félagsins skipuðu verkefnisstjórn sem séð hefur um að samræma vinnu, fylgja eftir tíma- og kostnaðaráætlun, skipuleggja kynningar og fundi. Verkefnisstjóri er Einar K Stefánsson. Vísast nánar til skýrslu EKS: Aðgengi Þríhnúkagígs, Frumathugun, verkefnistöð og vinnuáætlun mars 2004 og áfangskýrslu á tölvutæku formi, frá mars á síðasta ári. (Sjá svar EKS)

Verkefnið er nú á lokastigi og gerum við ráð fyrir að ljúka því á 2. ársfjórðungi 2009. Styrkir nema samtals um 16 mi. kr. Við stofnendur Þríhnúka ehf höfum litið á verkefni okkar sem samfélagsverkefni og tókum það að okkur sem skylduverkefni vegna reynslu okkar af gígnum, en gígurinn er beinlínis hættulegur, og vegna þess hve mikil áskorun og áhugavert verkefnið er. Ég sá ekki að aðrir væru í stakk búnir að ljúka því. Er ég óendanlega þakklátur félögum mínum, Birni Ólafssyni og Einari K. Stefánssyni fyrir að vera til í að taka þátt í þessu merkilega verkefni með mér á jafn óeigingjarnan hátt og raun ber vitni. Við höfum notið mikillar velvildar jafnt fjölda einstaklinga sem fyrirtækja. Endurgjaldslaust eigið framlag er verulegt.

Við félagar lítum svo á að við séum skuldbundnir gígnum, styrkveitendum og almenningi. Þó það hafi ekki verið endanlega ákveðið, gerum við ráð fyrir að skila verkefni okkar af okkur án skuldbindinga um framhald. Varðveisla gígsins og öryggi ferðamanna hefur verið eins vel tryggt eins og kostur er við núv. aðstæður.

Það er skoðun okkar að styrkveitendur, samfélagið og umræðan, eigi síðan að ráða hvert framhaldið verður. Það er einnig skoðun okkar að verði imyndin um áræðni, nærfærni og virðingu ekki varðveitt, vandlega gætt að ágóðalausum rekstri og grænni og sjálfbærri nýtingu, sé ver af stað farið en heima setið.

Þríhnúkarnir og nánasta umhverfi eru að stórum hluta gerðir úr kleprum, gjalli og losaralegu bergi frá síðjökultíma, sem allt er mjög viðkvæmt fyrir átroðningi. Gróður er viðkvæmur. Fyrirsjáanlegt er að skaði mun verða á umhverfi vegna ágangs, verði ekki fyrst lögð ofuráhersla á vandaða stígagerð og varðveislu bæði nánasta og víðara umhverfis. Á það jafnt við á hvorn vegin sem fer með aðgengi gígsins. Staðurinn er einn af áhugaverðari viðkomustöðum göngufólks nærri höfuðborgarsvæðinu og þaðan er stórkostleg útsýn.

Þríhnútagígur er einstakur hvort sem hann verður gerður aðgengilegur almenningi eða ekki. Því verður því vart með orðum lýst hve mikilvægt er að varðveita hann. Ekki aðeins gígurinn heldur bæði nánasta umhverfi (innan 1 km radius), jafnt sem víðara umhverfi (2-3 km ræma, 3-4 km til NA og 2-3 km ræma 12-15 km til SV) er býsna sérstakt á heimsvísu. Í ljósi þess að þetta svæði er svo gott sem ósnortið, sem er einstakt á heimsvísu, er varðveislugildi fyrst og sýningargildi svo og að hinu fyrra gefnu, nánast ómetanlegt. Mikilvægt er að skera úr og semja um flókið eignahald svæðisins alls, þ.e. a.m.k. 5 km breiðs og 20-25 km langs beltis frá Rauðuhnúkum í norðaustri suður fyrir Geitahlíð í suðvestri og tryggja varðveislu þess og umsýslu / rekstur undir einum hatti.

Virðingarfyllst

Árni B. Stefánsson